

Sjóvá – Ársuppgjör

2.066 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 92,6% á árinu 2025

Fjórði ársfjórðungur 2025

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 129 m.kr. (4F 2024: 313 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.461 m.kr. (4F 2024: 2.679 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.400 m.kr. (4F 2024: 2.812 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,1% (4F 2024: 5,4%)
- Samsett hlutfall 98,5% (4F 2024: 96,3%)

Árið 2025 og horfur fyrir árið 2026

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 2.576 m.kr. (2024: 1.283 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 448 m.kr. (2024: 3.435 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.066 m.kr. (2024: 4.241 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,7% (2024: 9,4%)
- Samsett hlutfall 92,6% (2024: 96,2%)
- Horfur fyrir árið 2026 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.800 – 2.500 m.kr. og samsett hlutfall 93 – 95%.
 - Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi félagsins en áætlanir gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Þá má ætla að áhrif áfallinna vaxta (vöxtunar) váttryggingaskuldar verði neikvæð um 1.300 m.kr. miðað við óbreytt vaxtastig og stærð váttryggingaskuldarinnar.
 - Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til verulegra breytinga á óskráðum eignum eða á eignasafni.

Hermann Björnsson, forstjóri:

Rekstrarniðurstaða ársins 2025 endurspeglar afar sterkan grunnrekstur félagsins í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði. Tekjuvöxtur er ekki jafn mikill og síðustu ár sem skýrist bæði af aukinni samkeppni á váttryggingamarkaði og minni aukningu í umsvifum viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði á milli ára í takt við þróunina í hagkerfinu. Tjónaþróun var hagfelld á árinu, sér í lagi í ljósi stórtjónaþróunar en eitt stórtjón féll til á árinu samanborið við sex stærri brunatjón á árinu 2024 og útskýrir stórbætta afkomu váttryggingasamninga á milli ára. Hagnaður ársins nam 2.066 m.kr. og arðsemi eiginfjár var 8,4%.

Afkoma ársins 2025 af váttryggingasamningum fyrir skatta nam 2.576 m.kr. og samsett hlutfall var 92,6%. Tekjuvöxtur nam 3,5% sem er í takt við væntingar en minni en síðustu ár en hafa verður í huga að markaðshlutdeild hefur aukist mikið undanfarin ár með heilbrigðum vexti. Áfram verður lögð áhersla á arðbæran og ábyrgan tryggingarekstur með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam 448 m.kr. og var ávöxtun fjárfestingaegna í stýringu 3,7% á árinu sem er verulega undir væntingum til lengri tíma litið. Góð afkoma var af skuldabréfasafni og nam ávöxtun 8,4%, þar sem ávöxtun ríkisskuldabréfa var 7,9% og annarra skuldabréfa 8,8%. Tap var af skráðum og óskráðum hlutabréfum sem skýrist að mestu af mikilli gengislækkun hlutabréfa í Alvotech og nemur tapið á þeirri stöðu 1.586 m.kr. á árinu. Tap af safni óskráðra hlutabréfa nam 194 m.kr. á árinu.

Afkoma á fjórða ársfjórðungi var afar góð en hún nam 1.400 m.kr. Afkoma af váttryggingasamningum fyrir skatta var 129 m.kr. og samsett hlutfall 98,5%. Ágætur fjórðungur í váttryggingastarfseminni en töluverð áhrif voru af stóru brunatjóni sem féll í bækur okkar á fjórðungnum. Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta var góð á fjórðungnum og nam 1.461 m.kr. og var ávöxtun fjárfestingaegna í stýringu 3,1%.

Sjóvá var efst tryggingafélag og með marktækt hæstu einkunn á tryggingamarkaði í Íslensku ánægjuvoginni sem kynnt var á dögunum. Sjóvá hlaut því gullmerki Ánægjuvogarinnar. Þetta er niunda árið í röð sem Sjóvá er efst en tryggingafélag hefur ekki náð að halda efsta sæti í Ánægjuvoginni jafn mörg ár í röð. Jafnframt er þetta hæsta einkunn tryggingafélags frá upphafi mælingarinnar. Við erum stolt og þakklát fyrir að viðskiptavinir okkar eru þeir ánægðustu á tryggingamarkaði en umfram allt er viðurkenningin hvatning til okkar að halda áfram að gera enn betur.

Í nóvember sl. var fyrsta nýtingartímabil kaupréttaráætlunar félagsins og keyptu starfsmenn hlutabréf í félaginu fyrir 177 m.kr. Í lok árs voru 183 starfsmenn með kauprétti að u.þ.b. 15,5 milljónum hluta sem er um 1,3% af hlutafé félagsins í dag. Ánægjulegt er að sjá góða nýtingu starfsmanna á veittum kaupréttum og að sjá stóran hluta þeirra bætast við hluthafahópinn.

Sjóvá var tilnefnt sem eitt af bestu íslensku vörumerkjum árið 2025 í flokknum Vörumerki vinnustaðar. Það er Brandr sem stendur fyrir valinu á Bestu íslensku vörumerkjum á hverju ári og hljóta þau vörumerki útnefningu sem þykja skara fram úr þegar horft er til stefnumiðaðar vörumerkjastýringar. Sjóvá hlaut einnig viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og um leið nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum sem veitt er af Stjórnvísi, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi.

Horfur fyrir árið 2026

Horfur fyrir árið 2026 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði á bilinu 1.800 – 2.500 m.kr. og samsett hlutfall 93 - 95%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til verulegra breytinga á óskráðum eignum eða á eignasafni. Þá má ætla að áhrif áfallinna vaxta (vöxtunar) váttryggingaskuldar verði neikvæð um 1.300 m.kr. miðað við óbreytt vaxtastig og stærð váttryggingaskuldarinnar.

Við gerð áætlunar er stuðst við ýmis opinber gögn, t.d. spár um þróun vísitalna, hagvöxt og áætlaðan ferðamannafjölda. Þá er litið til tjónaþróunar undanfarinna ára auk þess sem áætlað er fyrir tveimur til þremur stórtjónum á árinu.

Tillaga stjórnar um arð

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs að teknu tilliti til gjaldþols. Samþykkt var á stjórnarfundi í dag að leggja til við hluthafafund að greiða út arð að fjárhæð 1.100 m.kr. eða 0,95 kr. á hlut. Sótt hefur verið um heimild frá Fjármálaeftirlitinu til endurkaupa á eigin bréfum sem byggir á heimild aðalfundar Sjóvá 13. mars sl. Endurkaup munu sem fyrr taka mið af gjaldþolsviðmiðum stjórnar.

Kynningarfundur 12. febrúar kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 12. febrúar kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni sjova.is/afkomukynning. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2026.....	12. mars 2026
1. ársfjórðungur 2026.....	30. apríl 2026
2. ársfjórðungur 2026.....	16. júlí 2026
3. ársfjórðungur 2026.....	22. október 2026
Ársuppgjör 2026.....	11. febrúar 2027
Aðalfundur 2027.....	11. mars 2027

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, ársreikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fjórða ársfjórðungs og ársins 2025.

Í samræmi við lög birtir Sjóvá ársreikning á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (e. European Single Electronic Format eða ESEF) og má finna gildandi útgáfu í meðfylgjandi .xbri skrá.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2025	4F 2024	%	12M 2025	12M 2024	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.676.659	8.457.123	2,6%	34.778.368	33.597.519	3,5%
Tjón tímabilsins	(7.435.141)	(6.714.155)	10,7%	(25.218.609)	(25.104.761)	0,5%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.780.881)	(1.790.297)	-0,5%	(6.827.435)	(6.615.263)	3,2%
Afkoma af endurtryggingasamningum	668.224	360.619	85,3%	(156.156)	(594.420)	-73,7%
Afkoma af váttryggingasamningum	128.661	313.291	-58,9%	2.576.167	1.283.075	-
Hreinar fjármunatekjur	44.379	88.541	-49,9%	609.358	671.116	-9,2%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.938.732	3.080.836	-37,1%	1.839.892	4.802.767	-61,7%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(113.052)	(105.338)	7,3%	(411.616)	(393.624)	4,6%
Afkoma fjárfestinga	1.870.059	3.064.038	-39,0%	2.037.634	5.080.258	-59,9%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(409.464)	(385.373)	6,3%	(1.589.649)	(1.645.026)	-3,4%
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	1.460.594	2.678.665	-45,5%	447.985	3.435.233	-87,0%
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	1.589.455	2.991.956	-46,9%	3.024.153	4.718.308	-35,9%
Aðrar tekjur	22.897	35.481	-35,5%	162.417	170.460	-4,7%
Annar rekstrarkostnaður	(19.815)	(17.057)	16,2%	(55.803)	(53.241)	4,8%
Annar fjármagnskostnaður	(15.951)	(16.798)	-5,0%	(65.684)	(67.037)	-2,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.576.587	2.993.582	-47,3%	3.065.083	4.768.490	-35,7%
Tekjuskattur	(176.141)	(181.611)	-3,0%	(998.947)	(527.588)	89,3%
Hagnaður tímabilsins	1.400.446	2.811.971	-50,2%	2.066.135	4.240.902	-51,3%
Helstu kennitölur	4F 2025	4F 2024		12M 2025	12M 2024	
Tjónahlutfall	85,7%	79,4%		72,5%	74,7%	
Endurtryggingahlutfall	(7,7%)	(4,3%)		0,4%	1,8%	
Kostnaðarhlutfall	20,5%	21,2%		19,6%	19,7%	
Samsett hlutfall	98,5%	96,3%		92,6%	96,2%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	27,1%	50,5%		12,5%	19,7%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	24,1%	47,4%		8,4%	17,5%	
Eiginfjárhlutfall				31,3%	33,2%	
Gjaldþolshlutfall				1,40	1,42	
Lágmarksfjármagnshlutfall				3,43	3,32	
Helstu liðir úr efnahagsreikningi				31.12.2025	31.12.2024	
Verðbréf				62.922.280	62.575.602	
Endurtryggingaeignir				3.149.463	2.040.927	
Eignir samtals				76.874.393	75.692.333	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga				43.650.699	41.712.958	
Eigið fé samtals				24.024.648	25.128.078	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 12. febrúar 2026.